





Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2025

TEIK3HU05

Kennari	Bjarki Ásgeirsson – bjarki.asgeirsson@fss.is	
Viðtalstími	Mánudagar 14:00 – 14:40	
Námsefni	<p>Fagteikning í húsamíði (verkefnasafn)</p> <p>Byggingarreglugerð (sótt á netið)</p> <p>Efni frá kennara</p> <p>Teikniblýantar/fallblýantar 0,30 eða 0,35 og 0,5 (0,35 4H og 0,5 2H), teiknipappír A2 (10 arkir), teiknihorn; 30° / 60° og 45°, hringfari, strokleður, rúðustrikuð blöð, reglustika ca. 30 sm., límband, línuveiðari, vasareiknir.</p>	
Áfangalýsing	<p>Nemendur fá þjálfun í lestri og gerð teikninga með áherslu á þakvirki, tréstig og verklýsingar. Fjallað er um burðarvirki þaka og frágang þeirra m.t.t. aðalsperra, hornsperra, skammsperra og sperrusnið ásamt þakkvistum og tengingu þeirra við sperrur. Þá er unnið með teikningar af tréstigum og útfærslur á kjálkum, þrepum, handriðum og handriðslistum. Unnið er út frá stigareglum samkvæmt reglugerð. Áfanginn er ætlaður húsamíðum og byggist á verkefnavinnu með leiðsögn kennara.</p>	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	<p>Áfanginn er án lokaprófs. Nemandi þarf að ljúka öllum verkefnum sem tilgreind eru á kennsluáætlun auk þess að ná lágmarki úr könnunum. Einkunn fyrir verkefnavinnu gildir jafnt á við samanlagðar einkunnir úr tveimur könnunum (kaflapróf).</p> <p>Kennari áritar (samþykkir) verkefni jafnóðum og þeim er lokið og <u>skal nemandi hafa lokið tilgreindum verkefnum samkv. verkefnayfirliti og fyrir hvora könnun.</u> Einkunn undir 5 úr kaflaprófum er ófullnægjandi og þ.a.l. telst verkefnaeinkunn ógild.</p>	
	Símatsáfangi <input checked="" type="checkbox"/>	Lokapróf <input type="checkbox"/>
	Heiti	Vægi
	Teikningar	50%
	Kaflapróf	50%
Reglur áfanga	<p>Slökkt skal vera á farsímum í kennslustund!</p> <p><u>Teikniáfangar eru að stærstum hluta verklegir vinnuáfangar sem þýðir að nemandi ber að nýta tímann vel til verkefnavinnu.</u></p> <p>Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.</p>	

<p>Annað sem kennari vill láta koma fram</p>	<p>Ekkert lokapróf er í áfanganum en nemandi tekur tvær kannanir á önninni að undanskildum kröfum um að hafa lokið þeim verkefnum sem lögð eru fyrir hverju sinni. Verkefni áfangans skulu unnin í tímum, <u>ekki er tekið á móti verkefnum sem unnin hafa verið utan kennslutíma</u>. Ætlast er til að nemandi undirbúi sig utan tíma með því að skoða og reyna að átta sig á því sem teikna á, þ.e. geri uppkast/riss af verkefninu á t.d. rúðustrikað blað. Ef nemandi sinnir ekki þeirri vinnu sem hann á að vinna í tíma og hefur truflandi áhrif á samnemendur sína má hann eiga það á hættu að vera vikið úr tíma.</p>
---	--

Þekking	Leikni
<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • ákvæðum reglugerðar um undirstöður þakvirkis og tréstiga • ýmsum útfærslum burðavirkja í þaki ásamt útfærslum á tréstigum • helstu ákvæðum reglugerðar um brunavarnir • íslenskum stöðlum um þök og festingar í burðarvirki og tréstiga • helstu fagheitum í gerð þaka og tréstiga • teikniaðferðum og teiknireglum fyrir trévirki þaka og tréstiga 	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • lesa teikningar og verklýsingar • að útfæra sperruteikningar og gera sperrusnið og finna raunlengdir sperra • útfæra teikningar á stigum m.t.t. þrepa og kjálka með og án handriða • gera áætlanir um efnisnotkun og útreikninga • vinna eftir teikningum og verklýsingum • gera vinnuteikningar • vinna og hugsa sjálfstætt
	
<p>Hæfni</p> <p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • lesa og vinna með teikningar af þökum og tréstigum • lesa og skilja merkingar og verklýsingar á teikningum • gera efnislista og einfalda kostnaðarútreikninga á grundvelli teikninga • öðlast innsýn í tæknilegar útfærslur 	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Heimavinna	16 vikur x 2 klst.	32 klst.
Undirbúningur f. Kannanir	12 klst.	12 klst.
Alls		108 klst. = 5 fein*

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 6. – 10. janúar	Verkefni nr. 33 í bók	
2. vika 13. – 17. janúar	Verkefni nr. 31 í bók	
3. vika 20. – 24. janúar	<i>Loka frágangur á verkefnum fyrir skil</i>	Skil verkefni 33 og 31
4. vika 27. – 31. janúar	Verkefni nr. 30 í bók	
5. vika 3. - 7. febrúar	<i>Loka frágangur á verkefnum fyrir skil</i>	Skil verkefni 30
6. vika 10. - 14. febrúar <i>Uppbrotisdagur</i>	Verkefni 1 frá kennara, þaksperrur	
7. vika 17. - 21. febrúar		Skil verkefni 1 frá kennara
8. vika 24. - 28. febrúar <i>Vetrarfrí 27. og 28.</i>	Verkefni 2 frá kennara, þaksperrur	Próf þaksperrur
9. vika 3. - 7. mars <i>Námsmatsdagur - Miðannarmat</i>	<i>Loka frágangur á verkefnum fyrir skil</i>	Skil verkefni 2 frá kennara
10. vika 10. - 14. mars	Verkefni nr. 28 í bók mkv. 1:2	
11. vika 17- 21. mars	<i>Loka frágangur á verkefnum fyrir skil</i>	Skil verkefni 28
12. vika 24. - 28. mars	Verkefni nr. 27 í bók mkv 1:10	
13. vika 31. mars - 4. apríl	<i>Loka frágangur á verkefnum fyrir skil</i>	Skil verkefni 27
14. vika 7. - 11. apríl <i>Starfshlaup - Páskafri</i>	Verkefni 3 frá kennara, Snúinn tréttigi	
15. vika 22. - 25. apríl <i>Sumardagurinn fyrsti</i>	<i>Loka frágangur á verkefnum fyrir skil</i>	
16. vika 28. apríl - 2. maí	Verkefni frá kennara, teikningalestur	
17. vika 5. - 9. maí		Lokaskil, próf stigar

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Bjarki Ásgeirsson